



Reykjavík 25. júní 2001

Laugavegi 13 • 101 Reykjavík  
Sími: 511 1930 • Bréfsími: 511 1931  
Netfang: grodurfolk@arctic.is  
Heimasíða: <http://www.arctic.is/grodurfolk>

Nefndasvið Alþingis

## Umsögn GFF varðandi þingsályktunartillögu um landgræðsluáætlun 2002 – 2013.

Samtökin Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs (GFF) fagna framkominni þingsályktunartillögu um landgræðsluáætlun til 12 ára og þeim metnaði sem þar er að finna. Þó skal bent á nokkur atriði í tillögunni sem að mati samtakanna er ástæða til að bæta við og breyta:

1. **Hlutverk frjálsra félagasamtaka.** Landgræðsla við aðstæður eins og þær eru víða á Íslandi er tvímælalaust í anda sjálfbærrar þróunar og hefur sem slík afar sterka hnattræna skírskotun. Þar má nefna kolefnisbindingu sem vinnur gegn aukningu koltvísýrings í andrúmsloftinu og þ.a.l. gegn aukningu gróðurhúsaáhrifa. Þá er landgræðsla mjög í anda alþjóðasamnings um að sporna við myndun og útbreiðslu eyðimarka, samnings sem Íslendingar eiga aðild að. Í seinni tíð hefur á alþjóðavettvangi verið lögð mikil áhersla á lýðvæðingu í umhverfismálum t.d. með auknu vægi frjálsra félagasamtaka við ákvarðanatöku í málaflóknum. Má í því sambandi benda á áherslur í Agenda 21 samþykkt Ríó ráðstefnunnar frá því 1992 um frjáls félagasamtök.

Í þingsályktunartillögunni um landgræðsluáætlun er mest fjallað um Landgræðslu ríkisins. Þar er þó vikið að hlutverki annarra aðila og samstarfi þeirra við Landgræðslu ríkisins. Nefndir eru bændur, verktakar og heimamenn og lagt upp úr frumkvæði þessara aðila. **Hvergi er þó í þingsályktunartillögunni getið sérstaklega um hlutverk frjálsra félagasamtaka við landgræðslu.** GFF telur að gera verði þá breytingu á þingsályktunartillögunni að nefna til sögunnar frjáls félagasamtök og undirstrika að frumkvæði þeirra og starfsaðferðir séu landgræðslustarfinu mikils virði. Ætla verður slíkum samtökum stórt hlutverk t.d. á þéttbýlissvæðinu suðvestanlands þar sem bændur eru lítt eða ekki til staðar. Nú þegar eru starfandi a.m.k. tvenn slík samtök sem hafa látið hraustlega til sín taka við uppgræðslu á undanförunum árum, hvort í sínu héraði. Hér er átt við Húsgull í Þingeyjarsýslu og GFF í Landnámi Ingólfs. Enginn vafi er á að þessum samtökum hefur tekist að draga að fjármuni og krafta sem annars hefðu annars ekki nýst þessum málaflökki. Ekki er á neinn hátt hallað á Landgræðslu ríkisins og forystuhlutverk hennar þótt frjálsum félagasamtökum sé gert undir höfuð í tillögunni.

2. **Notkun lífrænna efna til landgræðslu.** Að mati GFF vantar í þingsályktunartillöguna þá áherslu sem samtökin hafa sjálf að leiðarljósi um nýtingu lífrænna úrgangsefna til landgræðslu. Víða eru aðstæður þannig að land er gersneytt lífrænum efnum. Áburðarefni sem kunna að berast inn á svæðið bindast því ekki jarðvegi og skolar gjarna út jafnharðan. Samhliða eru að falla til, ekki síst í Landnámi Ingólfs, mikið magn af lífrænum úrgangsefnum frá búskap og ýmisskonar starfsemi í þéttbýli. Þessi efni eru af náttúrunnar hendi heppilegustu áburðarefni, oft rík af köfnunarefni en ekki síður góður svörður til að draga úr




útskolun og búa í haginn fyrir gróðurframvindu. **GFF telur að í þessari þingsályktunartillögu sé rétt að leggja áherslu á nýtingu lífrænna úrgangsefna til landgræðslu.** Grunnástæða þess er "hæfni" þessara efna í landgræðslu en einnig sú ástæða að með þessari nýtingu er þeim beint inn í náttúrulega hringrás og komið í veg fyrir mengun sem annars getur af þeim stafað.

Full þörf er á almennri stefnumótun um notkun lífrænna efna við landgræðslu og miklir möguleikar á samstarfi við bændur hvað þá notkun varðar.

- Landbótasjóður:** GFF fagnar framkominni tillögu um Landbótasjóð og því að hann verði notaður til að stuðla að auknu frumkvæði og þátttöku heimamanna í landgræðslu. GFF vill benda á að full þörf er á að styðja það frumkvæði og þátttöku sem þegar er til staðar og að **ástæðulaust er að biða með Landbótasjóð til ársins 2003.** Þörf á slíkum sjóði er til staðar strax á fyrsta ári landgræðsluáætlunarinnar, t.d. í Landnámi Ingólfs.
- Skipting fjár á landsfjórðunga.** Að mati GFF er ástand gróðurfars mjög bágborið á Vesturlandi og þá helst í Landnámi Ingólfs og full þörf á markvissum landgræðsluaðgerðum. Samkvæmt þingsályktuninni er gert ráð fyrir minnstu fjármagni til verkefna á þessu svæði en eins og GFF hefur margsinis bent á búa um 70 % landsmanna innan Landnáms Ingólfs. Verkefnin eru mörg, stöðva þarf jarðvegseyðingu og vinna að bættu gróðurfari innan svæðisins. Landgræðsluaðgerðir á svæðinu falla vel að gildandi stefnu í skipulagsmálum og náttúruvernd og auka gæði lands til útivistar og eru í samræmi við stefnu um sjálfbæra þróun. Helstu áherslusvæði GFF eru í Krýsuvík/ Vatnsskarði/ Breiðdal og er mjög brýnt að vinna þar að stöðvun jarðvegseyðingar. Annað áherslusvæði GFF (í samvinnu við Landgræðslu ríkisins) er Helliheiði/ Kolviðarhóll/ Bolalda/Lækjarbotnar þar sem þegar hefur verið hætt beit og með samstilltu átaki er hægt að lyfta Grettistaki í gróðurvernd og landgræðslu. GFF hefur auk þess verið í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vegna uppgræðslu á skíðasvæðunum og eru þar mörg óunnin verk sem gætu gert þessi svæði áhugaverð sem útivistarsvæði allt árið, fegrað umhverfið og bætt öryggi svæðanna til skíðaiðkunar. Landgræðsluaðgerðir á Vesturlandi krefjast fjármagns sem er sambærilegt við aðra landsfjórðunga.

Lög um landgræðslu nr. 17/ 1965 eru komin til ára sinna og bendir GFF á að þar eru mörg atriði sem að mati starfsmanna GFF væri full þörf á að endurskoða og endurnýja í ljósi breyttra tíma og alls þess sem gerst hefur á sviði umhverfismála á síðustu áratugum.

Með vinsemd og virðingu f.h. stjórnar GFF:

  
Björn Guðbrandur Jónsson frkvstj GFF